

**324. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurnesja, haldinn að Skógarbraut 945, Reykjanesbæ, miðvikudaginn 6. maí 2026, kl. 16:00.**

**Mætt:** Ingvi Þór Hákonarson, formaður, fulltrúi Reykjanesbæjar, Margrét Sæmundsdóttir, fulltrúi Reykjanesbæjar, Hlynur Þór Valsson, fulltrúi Suðurnesjabæjar, Irmý Þorsteinsdóttir, fulltrúi Grindavíkur og Hólmgrímur Rósenbergsson, fulltrúi Sveitarfélagsins Voga, auk starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja: Ásmundur E. Þorkelsson, framkvæmdastjóri (fundarritari), J. Trausti Jónsson, Eydís Martinsdóttir og Sonja Hrund Steinarsdóttir. Bergþóra Sigurjónsdóttir, fulltrúi atvinnurekenda kom ekki á fundinn.

**Dagskrá:**

1. Yfirlit yfir störf HES
2. Starfsleyfi og skráningar
3. Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja 2025
4. Málefni Premium of Iceland, Bakkastíg
5. Framtíð Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja - staða mála
6. Umgengni á lóðum og lendum
7. Starfsmannamál
8. Önnur mál

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

**1. Yfirlit yfir störf HES**

Starfsmenn fóru yfir helstu verkefni sem hafa verið á döfnni frá síðasta fundi heilbrigðisnefndar.

**2. Starfsleyfi og skráningar**

Í samræmi við bókun nefndarinnar undir 4. tl. á 320. fundi er lögð fram fundargerð afgreiðslufundar embættisins (sjá viðhengi). Nefndin staðfestir fundargerðina.

**3. Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja 2025**

Ársreikningur fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, var kynntur, ræddur og samþykktur.

**4. Málefni Premium of Iceland, Bakkastíg**

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja tók til umfjöllunar mál Premium of Iceland ehf, kt 691220-2060 vegna starfsemi þess að Brekkustíg 22-24, 260 Reykjanesbæ þ.m.t. andmæli félagsins sem bærust embættinu 4. maí sl. Nefndin staðfestir kröfu embættisins um stöðvun á starfsemi í samræmi við erindi þess efnis sem sent var til félagsins 21. apríl sl. **Til þess að knýja á um að félagið virði ákvörðun nefndarinnar um höfnun skráningar hefur nefndin ákveðið að leggja á fyrirtækið dagsektir að upphæð 50.000 kr á dag þar til starfsemi hefur verið stöðvuð**, í samræmi við erindi um áform um dagsektir frá 21. apríl sl., fyrir að reka fiskvinnslu að Brekkustíg 22-24 í Reykjanesbæ án þess að fyrir liggi staðfest skráning skv. 3. gr. reglugerðar nr. 830/2022. Dagsektir verða lagðar á rekstraraðila frá og með 22. maí nk. sé starfsemin enn starfrækt á fyrrnefndri starfstöð.

**5. Framtíð Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja - staða mála**

Frumvörp sem marka endalok heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga eru nú til meðferðar hjá Atvinnuveganefnd Alþingis, annars vegar og Umhverfis- og samgöngunefnd, hins vegar. Vænta má niðurstöðu þinglegrar meðferðar á næstu vikum.

## **6. Umhverfismál / umgengni á lóðum**

### **Vogar**

#### **Hvassahraun II**

Búið að senda út kröfubréf og lokafrestur rann út 1. apríl sl.

## **7. Starfsmannamál**

Starfsmenn að frátöldum framkvæmdastjóra viku af fundi undir þessum dagskrárlið.

## **8. Önnur mál**

Nefndin telur mikilvægt að ný heilbrigðisnefnd komi saman og skipti með sér verkum eins fljótt og verða má eftir sveitarstjórnarkosningar eða þegar skipan allra fulltrúa liggur fyrir.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 17:11

## Afgreiðslufundur HES nr. 4

Haldinn 6. maí 2026

Mætt: Ásmundur E. Þorkelsson, J. Trausti Jónsson, Sonja Hrund Steinarsdóttir og Eydís Martinsdóttir.

### 1. Viking Llama - matsöluvagn - Starfsleyfi

Lögð fram umsókn Viking Llama ehf. kt. 520724-0950 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matsöluvagni á Hafnargötu 44-46, 230 Reykjanesbæ.

Fasteignanúmer: F2088060 og F2332149. Ný starfsemi.

*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

### 2. Golfklúbbur Suðurnesja ehf. - golfskáli með fullbúnu eldhúsi - Starfsleyfi

Lögð fram umsókn Golfklúbbur Suðurnesja ehf. kt. 530673-0229 þar sem sótt er um starfsleyfi til að reka golfskála með fullbúnu eldhúsi í Hólmsvelli í Leiru.

Fasteignanúmer: F2236660. Endurnýjun starfsleyfis.

*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

### 3. Samherji fiskeldi ehf. - mótuneyti og starfsmannabúðir - Starfsleyfi

Lögð fram umsókn Samherja fiskeldi ehf. kt. 610406-1060 þar sem sótt er um starfsleyfi til að reka mótuneyti og starfsmannabúðir að Kalmanshrauni 1, Reykjanesbæ. Lóðarnúmer: L237006. Ný starfsemi.

*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

### 4. Gleðipinni ehf. - veitingahús- Starfsleyfi.

Lögð fram umsókn Gleðipinni ehf., kt. 630126-0290, þar sem sótt er um starfsleyfi til að reka veitingahús að Hafnargötu 9, 240 Grindavík.

Fasteignanúmer: F2091734. Ný starfsemi.

*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

### 5. Delicious ehf - matsöluvagn - Starfsleyfi

Lögð fram umsókn Delicious ehf. kt. 521125-0630 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matsöluvagni á Hafnargötu 44-46, 230 Reykjanesbæ.

Ný starfsemi.

*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

- 6. Hljómahöll veitingar ehf. - veitingasala – Starfsleyfi** Lögð fram umsókn Hljómahöll-veitingar ehf., kt. 450314-1370, þar sem sótt er um starfsleyfi til að reka veitingasölu að Hjallavegi 2, 260 Reykjanesbæ (Hljómahöll). Endurnýjun. *Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*
- 7. Reykjanesbær - samkomuhús án veitinga – Starfsleyfi** Lögð fram umsókn Reykjanesbæjar, kt. 470794-2169, þar sem sótt er um starfsleyfi til að reka samkomuhús að Hjallavegi 2, 260 Reykjanesbæ (Hljómahöll). Endurnýjun. *Með vísun til hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*
- 8. Nyja budin ehf. - hótél með veitingasölu - Starfsleyfi** Lögð fram umsókn Nyja budin ehf., kt. 690925-0600 þar sem sótt er réttthafabreytingu á starfsleyfi fyrir hóteli með veitingasölu á Víkurbraut 58, 240 Grindavík. *Rétthafabreyting.*
- 9. Nupan Deluxe ehf. - gistiskáli - Starfsleyfi** Lögð fram umsókn Nupan Deluxe ehf., kt. 630221-1100, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir gistiskála á Aðalgötu 10, 230 Reykjanesbæ. *Ný starfsemi.* *Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*
- 10. Wojciech Kiezkowski – minna gistiheimili – Starfsleyfi** Lögð fram umsókn Wojciech Kiezkowski, kt. 161279-3239, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir minna gistiheimili, Skagabraut 36, 251 Suðurnesjabæ. *Ný starfsemi.* *Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*
- 11. Ingibjörg Ósk Jóhannsdóttir - snyrtstofa – Starfsleyfi** Lögð fram umsókn Ingibjargar Óskar Jóhannsdóttur, kt. 240593-3359, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir snyrtistofu á Tjarnagötu 2, 230 Reykjanesbæ. *Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*
- 12. Ziva ehf. - hár-og snyrtistofa – Starfsleyfi** Lögð fram umsókn Ziva ehf., kt. 670819-1400, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir hár- og snyrtistofu á Hafnargötu 54, 230 Reykjanesbæ. *Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

**13. Víkurfrakt ehf. (4304060190)**

**Niðurrif mannvirkja** Túngata 25, 240 Grindavík. Tímabundin starfsemi.  
Skráning samþykkt: 22. apríl 2026.

**14. Víkurfrakt ehf. (4304060190)**

**Niðurrif mannvirkja** Víkurbraut 32, 240 Grindavík. Tímabundin starfsemi.  
Skráning samþykkt: 22. apríl 2026.

**15. Víkurfrakt ehf. (4304060190)**

**Niðurrif mannvirkja** Víkurbraut 36, 240 Grindavík. Tímabundin starfsemi.  
Skráning samþykkt: 22. apríl 2026.

**16. Víkurfrakt ehf. (4304060190)**

**Niðurrif mannvirkja** Víkurbraut 47, 240 Grindavík. Tímabundin starfsemi.  
Skráning samþykkt: 22. apríl 2026.

**17. Víkurfrakt ehf. (4304060190)**

**Niðurrif mannvirkja** Víkurbraut 52, 240 Grindavík. Tímabundin starfsemi.  
Skráning samþykkt: 22. apríl 2026.

**18. Jón og Margeir ehf. (6808072130)**

**Niðurrif mannvirkja** Víkurbraut 38, 240 Grindavík. Tímabundin starfsemi.  
Skráning samþykkt: 27. apríl 2026.

**19. Jón og Margeir ehf. (6808072130)**

**Niðurrif mannvirkja** Víkurhóp 2-4, 240 Grindavík. Tímabundin starfsemi.  
Skráning samþykkt: 27. apríl 2026.

**20. Jón og Margeir ehf. (6808072130)**

**Niðurrif mannvirkja** Víkurhóp 6-8, 240 Grindavík. Tímabundin starfsemi.  
Skráning samþykkt: 27. apríl 2026.

**21. Björgunarsveitin Suðurnes (6904942219)**

**Flugeldasýning**, tímabundin starfsemi.

16. maí 2026, 22:00-22:30

Skotið verður upp á malbikuðu bílastæði norðan við Vatnsnesveg 1. 230  
Reykjanesbæ.

Skráning samþykkt 27. apríl 2026.

**22. Landsnet hf (580804-2410)**

**Spennistöð** Njarðvíkurheiði, 260 Reykjanesbæ.  
Starfsleyfi gefið út til 12 ára.

**23. HS Orka hf (680475-0169)**

**Jarðavarmavirkjun** Svartsengi, 241 Grindavík. Útgáfa á endurskoðun á starfleyfis í kjölfar aukinnar framleiðslu.  
Gildistími starfsleyfis óbreyttur.

**24. Grindavíkurhöfn (580169-3039)**

**Endurnýting úrgangs í fyllingar** Grindavíkurhöfn, 240 Grindavík  
Tímabundið starfsleyfi gildir til 1. apríl 2028.

**25. Reykjabúið (581187-2549)**

**Alifuglaeldi** Sjávangötu 1, 245 Suðurneysbæ.  
Starfsleyfi framlengt til 31. júlí 2026.

**Heilbrigðiseftirlit  
Suðurnesja  
Ársreikningur  
2025**

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja  
Skógarbraut 945  
262 Reykjanesbæ  
kt. 420388-1369

# Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja Ársreikningur 2025

## Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-10

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og hluthafa í Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

## Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjanesbær 6. maí 2026

**Deloitte ehf.**

Kristján Þór Ragnarsson  
endurskoðandi

## Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja er samrekin stofnun með þann tilgang að annast heilbrigðisetirlit á Suðurnesjum.

<b>Starfsemin á árinu og framtíðarhorfur</b>	<b>2025</b>	<b>2024</b>
Rekstrartekjur félagsins námu.....	223.473.928	209.123.074
Hagnaður(Tap) félagsins nam.....	42.506.648	37.119.719
Fjöldi ársverka nam.....	6	6

### Tillaga til aðalfundar

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði yfirfært til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjanesbær 6. maí 2026

### Í stjórn

Ingvi Hákonarsson  
Stjórnarformaður

Bergþóra Sigurjónsdóttir

Jón Ragnar Ástþórsson

Irmý Þorsteinsdóttir

Margrét Sæmundsdóttir

Hólmgrímur Rósenbergsson

### Framkvæmdastjóri

Ásmundur E. Þorkelsson

## Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	Áætlun 2025	2024
Rekstrartekjur .....		223.473.928	227.103.000	209.123.074
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	4	(140.988.329)	(143.576.000)	(130.747.978)
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....		(10.691.285)	(5.000.000)	(5.912.986)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(14.588.032)	(13.460.000)	(10.802.572)
Annar rekstrarkostnaður .....		(15.882.846)	(19.721.000)	(20.939.186)
<b>Rekstrarhagnaður</b>		<u>41.323.436</u>	<u>45.346.000</u>	<u>40.720.352</u>
Fjármunatekjur .....		1.214.534	0	884.016
Fjármagnsgjöld .....		(31.322)	0	(4.484.649)
	5	<u>1.183.212</u>	<u>0</u>	<u>(3.600.633)</u>
<b>Hagnaður ársins</b>		<u><u>42.506.648</u></u>	<u><u>45.346.000</u></u>	<u><u>37.119.719</u></u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2025

<b>Eignir</b>	<b>Skýi</b>	<b>31.12.2025</b>	<b>31.12.2024</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		17.742.445	25.360.666
Aðrar skammtímakröfur .....		14.490.643	0
Handbært fé .....		20.635.296	19.581.412
		<u>52.868.384</u>	<u>44.942.078</u>
<b>Eignir</b>		<u>52.868.384</u>	<u>44.942.078</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
	6		
Óráðstafað eigið fé .....		(77.689.015)	(120.195.663)
<b>Eigið fé, (neikvætt)</b>		<u>(77.689.015)</u>	<u>(120.195.663)</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Lífeyrisskuldbinding .....	8	122.736.447	112.045.162
		<u>122.736.447</u>	<u>112.045.162</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		2.202.661	1.804.809
Skuldir við tengd félög .....	7	0	45.951.767
Aðrar skammtímaskuldir .....		5.618.291	5.336.003
		<u>7.820.952</u>	<u>53.092.579</u>
Skuldir		<u>130.557.399</u>	<u>165.137.741</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>52.868.384</u>	<u>44.942.078</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2025

	Skýi	2025	2024
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður .....		41.323.436	40.720.352
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....		2.759.110	2.792.290
Hækkun skuldbindinga .....		10.691.285	5.912.986
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta .....		54.773.831	49.425.628
Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun, (hækkun) .....		4.859.111	(15.888.042)
Rekstrartengdar skuldir, hækkun .....		680.140	1.581.843
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta .....		60.313.082	35.119.429
Innborgaðir vextir og arður .....		1.214.534	884.016
Greiddir vextir .....		(31.322)	(4.484.649)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>61.496.294</b>	<b>31.518.796</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
		0	0
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Lækkun á skuldum við tengd félög .....		(60.442.410)	(13.996.563)
		(60.442.410)	(13.996.563)
Hækkun handbærs fjár .....		1.053.884	17.522.233
Handbært fé í upphafi árs .....		19.581.412	2.059.179
Handbært fé í lok árs .....		<u>20.635.296</u>	<u>19.581.412</u>

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja er samrekin stofnun. Tilgangur stofnunarinnar er að annast heilbrigðiseftirlit á Suðurnesjum

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

## 3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

## 4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2025	2024
Laun .....	106.818.353	100.894.489
Lífeyrissjóður .....	22.387.927	18.935.165
Önnur launatengd gjöld .....	10.670.524	10.063.231
Annar starfsmannakostnaður .....	1.111.525	855.093
	<u>140.988.329</u>	<u>130.747.978</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	6	6

## 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2025	2024
Vaxtatekjur af bankainnstæðum .....	1.214.534	79.903
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum .....	0	756.970
Aðrar vaxtatekjur .....	0	47.143
	<u>1.214.534</u>	<u>884.016</u>

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtagjöld til tengdra félaga .....	0	(4.410.416)
Dráttarvaxtagjöld .....	(31.322)	(10.154)
Önnur vaxtagjöld .....	0	(64.079)
	<u>(31.322)</u>	<u>(4.484.649)</u>

## 6. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2024 .....	(157.315.382)	(157.315.382)
Tap ársins .....	37.119.719	37.119.719
Eigið fé 1.1.2025 .....	(120.195.663)	(120.195.663)
Tap ársins .....	42.506.648	42.506.648
Eigið fé 31.12.2025 .....	<u>(77.689.015)</u>	<u>(77.689.015)</u>

## Skýringar

### 7. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengd félög árið 2025:	2025		2024	
	Kröfur	Skuldir	Kröfur	Skuldir
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum .....	14.030.413	0	0	45.951.767
	14.030.413	0	0	45.951.767

### 8. Lífeyrisskuldbindingar

Á Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum og samreknum stofnunum hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna félagsins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Eftirlaunagreiðslur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eru miðaðar við fasta fjárhæð frá því þegar úrskurður um lífeyri liggur fyrir en eftir það bera sambandið og samreknar stofnanir ábyrgð á allri hækkun lífeyris.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) hefur til fjölda ára séð um launagreiðslur fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja (HES) og Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. (SS). Sökum þess hvíla lífeyrisskuldbindingar á kennitölu SSS sem tilheyra HES og SS. Áfallin skuldbinding hefur verið metin af tryggingarstærðfræðingi miðað við árslok 2025. Í árslok nemur reiknuð lífeyrisskuldbinding á kennitölu SSS um 184,1 milljónum króna. Skuldbindingunni er skipt á milli SSS, HES og SS eftir því hlutfalli sem starfsmenn unnu fyrir hverja stofnun fyrir sig.

Eftir skiptingu nemur skuldbinding fyrir starfsmenn HES 122,7 milljónum króna í árslok 2025.

Hluti HES í reiknaðri hækkun skuldbindingar á árinu 2025 nam 10,7 milljónum króna og er færð til hækkunar á gjöldum meðal launa og tengdra gjalda.

### 9. Reikningsskilaaðferðir

#### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

#### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar yfirráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda, sem er almennt við afhendingu vöru. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímupunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

#### Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

#### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega yfir líftíma lánsins.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendra mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

## Skýringar

### 9. Reikningsskilaaðferðir frh.

#### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

#### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

#### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádrögnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

#### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söluþegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárútsreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

#### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

## Sundurliðanir

### Rekstrartekjur

	2025	Áætlun 2025	2024
Umhverfiseftirlit .....	57.950.129	62.389.000	55.845.218
Hundaleyfi og sektir .....	10.939.955	13.000.000	11.043.524
Heilbrigðiseftirlitsgjald .....	102.074.856	99.205.000	106.826.328
Meindýraeyðing .....	9.894.984	9.895.000	9.423.996
Framlög sveitarfélaga .....	42.614.004	42.614.000	25.984.008
	<u>223.473.928</u>	<u>227.103.000</u>	<u>209.123.074</u>

### Laun og annar starfsmannakostnaður

	2025	Áætlun 2025	2024
Vinnulaun .....	88.840.932	90.993.000	82.486.534
Önnur laun .....	2.324.780	3.062.000	2.279.106
Bifreiðastyrkir .....	15.652.641	17.135.000	16.128.849
Tryggingagjald .....	7.559.850	7.693.000	7.109.951
Lífeyrissjóður .....	22.387.927	21.184.000	18.935.165
Sjúkra- og orlofsheimilaskjóður .....	3.110.674	618.000	432.532
Aðrir sjóðir .....	0	2.381.000	2.520.748
Vinnufatnaður .....	37.820	0	22.857
Námskeið og endurmenntun starfsmanna .....	24.776	63.000	137.000
Annar starfsmannakostnaður .....	1.048.929	447.000	695.236
	<u>140.988.329</u>	<u>143.576.000</u>	<u>130.747.978</u>

### Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

	2025	Áætlun 2025	2024
Rekstur upplýsingakerfis og hugbúnaðarþjónusta .....	1.576.404	1.763.000	1.572.206
Sími .....	792.828	797.000	776.622
Burðargjöld .....	76.765	400.000	138.806
Pappír, prentun og ritföng .....	167.121	325.000	207.724
Bækur, blöð og áskrift .....	0	244.000	330.544
Endurskoðun og reikningsskil .....	1.148.813	530.000	521.700
Lögfræðiþjónusta .....	310.569	2.080.000	75.513
Önnur aðkeypt þjónusta .....	3.225.647	0	0
Innheimtukostnaður .....	(37.180)	490.000	430.829
Auglýsingar .....	133.920	208.000	66.963
Skrifstofutæki og áhöld .....	336.120	0	32.990
Fundir og ráðstefnur .....	331.061	282.000	106.718
Gjafir og styrkir .....	0	0	10.000
Ferða- og dvalarkostnaður .....	209.964	25.000	458.961
Þátttaka í skrifstofukostnaði .....	6.316.000	6.316.000	6.072.996
	<u>14.588.032</u>	<u>13.460.000</u>	<u>10.802.572</u>

## Sundurliðanir

### Annar rekstrarkostnaður

	2025	Aætlun 2025	2024
Húsaleiga .....	3.054.577	4.406.000	2.937.709
Rafmagn og hiti .....	536.613	482.000	494.852
Viðhald húsnæðis .....	473.158	421.000	1.536.699
Öryggisþjónusta .....	1.191.410	0	0
Ræsting og hreinlætisvörur .....	1.025.773	1.065.000	925.692
Húsbúnaður .....	5.995	0	0
Vátryggingar húsnæðis .....	0	2.590.000	2.162.441
Fasteignagjöld .....	482.109	488.000	451.723
Aðkeyptur akstur .....	0	0	2.250
Smááhöld .....	35.646	196.000	528.010
Önnur aðkeypt þjónusta .....	3.034.051	3.101.000	2.842.940
Ýmis kostnaður .....	424.861	0	193.050
Efni til eyðingar á meindýrum .....	162.272	122.000	0
Rannsóknarkostnaður .....	2.697.271	4.716.000	5.835.659
Breyting á varúðarniðurfærslu .....	2.759.110	2.000.000	2.792.290
Hlífðarfatnaður .....	0	134.000	235.871
	<u>15.882.846</u>	<u>19.721.000</u>	<u>20.939.186</u>

## Sundurliðanir

### Viðskiptakröfur

	31.12.2025	31.12.2024
Innlendar viðskiptakröfur .....	27.559.785	32.418.896
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast .....	(9.817.340)	(7.058.230)
	<u>17.742.445</u>	<u>25.360.666</u>

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

Staða í ársbyrjun .....	(7.058.230)	(5.934.766)
Breyting á niðurfærslu viðskiptakrafna .....	(2.759.110)	(1.123.464)
Staða í árslok .....	<u>(9.817.340)</u>	<u>(7.058.230)</u>

Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

### Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2025	31.12.2024
Kröfur á tengd félög .....	14.030.413	0
Virðisaukaskattur .....	460.230	0
	<u>14.490.643</u>	<u>0</u>

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2025	31.12.2024
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum .....	20.635.296	19.581.412
	<u>20.635.296</u>	<u>19.581.412</u>

### Viðskiptaskuldir

	31.12.2025	31.12.2024
Innlendar viðskiptaskuldir .....	2.202.661	1.804.809
	<u>2.202.661</u>	<u>1.804.809</u>

### Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2025	31.12.2024
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	5.618.291	0
Aðrar skammtímaskuldir .....	0	5.336.003
	<u>5.618.291</u>	<u>5.336.003</u>